



Skógræktarfélag Kópavogs

Sími: 8649246 Netfang: skogkop@gmail.com Veffang: skogkop.net

Skýrsla stjórnar Skógræktarfélags Kópavogs 2010- 2011

Starfsári stjórnar Skógræktarfélags Kópavogs sem nú lýkur hefur verið viðburðarríkt.

Á árinu hafa verið haldnir hafa verið 7 stjórnarfundir og að auki haldinn jólafundur í Gullsmára 8. desember sl. Þá voru haldnir 2 fundir í Fossá, skógræktarfélagi. Verkaskipting stjórnar var sem hér segir:

Formaður Bragi Michaelsson, varaformaður Eiríkur Páll Eiríksson, ritari Jónína Stefánsdóttir, gjaldkeri Pétur Eysteinnsson og meðstjórnendur Sigríður Elefssen, Sigurður Þorsteinsson og Kristinn Þorsteinsson.

Í varastjórn sátu Pétur Karl Sigurbjörnsson, Kristmundur Halldórsson Sunna Áskelsdóttir, Gísli Tryggvason, Hafdís Huld Þórólfsdóttir og Sigmar Þormar

Starfsmaður félagsins var ráðinn Jónína Stefánsdóttir og sá hún um bókhald, greiðslur reikninga og önnur þau verkefni sem eftir var leitað. Umsjón með Guðmundarlundi, byggingarframkvæmdum og atvinnuátaksverkefnum var í höndum Braga Michaelssonar.

Félagsstarf Skógræktarfélags Kópavogs var sem hér segir:

Almennt félgsstarf var hefðbundið, gróðursett var í Yrkjuskóga vorið 2010 og tóku allir grunnskólarnir í Kópavogi þátt í því verkefni. Haldinn var vinnudagur á Fossá, tekin torgtré og jólatrjáasala var með sama sniði og verið hefur. Á vordögum var unnið að Fossá við að ná grisjunarvið út úr skóginum. Um sumarið var unnið við stíga og gróðursetningu og á haustdögum lagfærður stígurinn í gegnum skógin og unnið við bílastæði. Eiríkur Páll mun gera nánari grein fyrir þessum verkefnum í skýrslu um Fossá.

Aðalfundur Skógræktarfélgs Íslands

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands var haldinn í Árnassýslu í lok ágúst.

Fyrir hönd félagsins sóttu fundinn: Jónína Stefánsdóttir, Pétur Karl Sigurbjörnsson, Pétur Eysteinnsson, Kristmundur Halldórson, Kristinn Þorsteinsson, Sigríður Elefssen, Hafdís Huld Þórólfsdóttir, Sigurður Þorsteinsson og Gísli Tryggvason.

Kristinn Þorsteinsson var kjörinn varamaður í stjórn Skógræktarfélags Íslands á fundinum.

Að venju var fundurinn fróðlegur og skemmtilegur í góðravina hópi.

Jólafundur.

Jólafundur var haldinn í Gullsmára í byrjun desember. Þar sýndi Kristmundur Halldórsson mynd sem hann hefur tekið og er um afmælishátíð 2010 og fleira í starfi Skógræktarfélag Kópavogs. Þá flutti Bjarni Diðrik Sigurðsson erindi um skógarsvæði á Vestfjörðum og heimsókn og skoðun á þeim svæðum með nemendum sínum á Hvanneyri. Fundurinn var vel sóttur að vanda og var happdrætti um 10 jólatré á fundinum.

Guðmundarlundur:

Á vordögum var ákveðið í samráði við garðyrkjustjóra Kópavogs Friðrik Baldursson og Garðyrkjufélag Íslands að hafa sérstakan hreinsunardag í Hermannsgarði og mættu þar 10 manns frá Garyrkjufélaginu og 6 frá Skógræktarfélaginu ásamt Friðriki Baldurssyni. Garðurinn var hreinsaður og snyrtur. Ákveðið er að endurtaka vinnudag í Guðmundarlundi / Hermannsgarði árlega og verður hann væntanlega í maí nk.

Í maí náðist samkomulag við Kópavogsbæ um áframhaldandi atvinnuáttak í Guðmundarlundi og að Fossá og var Bragi Michaelsson ráðinn verkefnisstjóri af félagsins hálfu. Sérstök skýrsla var gerð um þetta verkefni og afhent Kópavogsbæ og Skógræktarfélagi Íslands sem átti frumkvæði að þessu atvinnuátaki og greiddi hluta af efniskostnaði sem félagið lagði út fyrir. Fenginn var verktaki til að grisja, Atli Pálmason og voru tréin sem felld voru kurluð og sett í skógarstígana og leikvöllinn. Gerðar voru ýmsar endurbætur á svæðinu og skaffaði Kópavogsbær félaginu allar túnpökur og hluta af efni sem til þurfti. Þá komu stórir hópar vinnuflokkar frá Kópavogsbæ og sáu um slátt á svæðinu. Það er ánægjulegt að segja frá því að nær öll tréin sem flutt voru til á svæðinu 2009 virðast hafa lifað af þennan flutning. Lagður var stígur frá væntanlegu bílastæði við nýja húsið upp á hæðina austan við Guðmundarlund. Verktaki við göngustíginn var Kambur ehf. og aðstoðaði Kambur ehf. einnig við mörg önnur verkefni á vegum félagsins, svo sem gerð á nýrri grillastöðu vestan við gamla húsið.

Húsbygging:

Framkvæmdir við byggingu á nýja þjónustu- og fræðsluhúsinu hófust í lok október 2009 og var varið um 20 milljónum kr. í það verkefni árið 2009 en tæplega 36. m.kr á árinu 2010. Húsið er um 255 m² að stærð með tveimur söllum, eldhúsi, skrifstofu, salernum og geymslum. Vinna við grunn og sökkla hófst í október 2009 og var lokið í maí 2010. Nýr byggingarstjóri Elías Guðmundsson hjá Sérverk ehf. tók við sem byggingastjóri og sá um framkvæmdir frá maí 2010 þegar Guðmundur Adólfsson óskaði eftir að hætta við framkvæmdirnar. Búið er að steypa húsið upp og loka því til bráðabirgða. Gluggar eru komnir á staðinn og timburklæðning undir járníð á þakið. Frá 2006 liggur fyrir samningur við Kópavogsbæ um 20. m.kr styrk í þessa byggingu og hefur bærinn þegar greitt þennan styrk.

Þá hefur félagið notið mikils velvilja frá Bykó m.a. vegna efniskaupa varðandi þetta verkefni.

Viðræður hafa staðið yfir við Kópavogsbæ um stuðning við framhald þessara framkvæmda en niðurstaða liggur ekki fyrir. Það urðu stjórn félagsins mikil vonbrigði að annmarkar voru á því að fá endurgreiddan VSK af framkvæmdum á staðnum en nú hyllir undir að þetta fáiist endurgreitt, vegna framkvæmdanna, en það var skilningur stjórnarmanna þegar framkvæmir hófust að svo yrði.

Í framkvæmdir við húsið hefur nú þegar verið varið kr 56.000 m. kr og er því ljóst að það vantar að m.k 39. m.kr til þess að ljúka þessum framkvæmdum.

Verkefni framundan.

Á vegum félagsins er áformað að halda áfram byggingu hússins ef framkvæmdafé fæst og vinnu við atvinnuátak á vegum félagsins í Guðmundarlundi og upp á Fossá.

Samið hefur verið við Atla Pálmason um grisjun í Guðmundarlundi undanfarin tvö ár , en ákvörðun um hvað gert verði í vor liggur ekki fyrir. Á Fossá verður unnið við fjölmörg verkefni og mun Eiríkur Páll gera grein fyrir þeim hér á eftir. Ég vil við þetta tækifæri þakka meðstjórnarmönnum mínum fyrir gott samstarf og mikið vinnuframlag á því starfsári sem er að ljúka.

F.h. stjórnar Skógræktarfélags Kópavogs
Bragi Michaelsson formaður.